



Starfsáætlun 2024 - 2025

Leikskólinn DrekaDalur



Leikskólinn DrekaDalur B/DrekaDal 4, 260 Reykjanesbær, sími 4205600
Netfang: drekadalur@drekadalur.is



Starfsáætlun 2024 - 20254
Leikskólinn Drekaðalur
Drekaðalur 4
260 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 12. nóvember 2024

Inngangur

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið og er leikskólaaldurinn mikilvægur tími fyrir nám og þroska barna. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin á bæði að spegla þá hugmyndafræði sem liggur að baki starfinu og Aðalnámskrá leikskóla.

Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en Menntaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati.

Í starfsáætluninni koma fram:

- Áherslur í skólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum, og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir skólaárið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað til leikskólafulltrúa Menntasviðs. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir Menntaráð til samþykktar.

Greinagerð leikskóla

Leikskólinn Drekaðalur er nýr sex deilda leikskóli hjá Reykjanesbæ sem opnaði í ágúst 2024. Leikskólastjóri hóf formlega störf við leikskólann Drekaðal 1. apríl 2024. Vegna seinkunar á afhendingu leikskólans Drekaðals var aðstaða leikskólastjóra í Ráðhúsi Reykjanesbæjar fyrst um sinn.

Reykjanesbær vex og dafnar sem aldrei fyrr og og hefur fjölgun íbúa verið mjög mikil undanfarin ár. Foreldrar sem til okkar hafa flutt þurftu á dagvistunarúrræði að halda og við sem sveitarfélag á öflugum atvinnusvæði urðum að svara því kalli. Fjölgun íbúa er vissulega áskorun en að sama skapi tækifæri. Þar sem bygging leikskólans Drekaðals yrði ekki tilbúin í upphafi skólaárs þá var ljóst að grípa þurfti til annarra úrræða til að brúa bilið þar til húsnæði leikskólans Drekaðals yrði tilbúið. Ákveðið var að leikskólinn Drekaðalur yrði opnaður í tímabundnu húsnæðis Keilis.



Þriðjudaginn 20. ágúst var stór sund hjá okkur kennurum Drekaðals, en þá tókum við á mótí fyrstu börnunum okkar í aðlögun í húsnæði Keilis. Að opna leikskóla í tímabundnu húsnæði sem ekki er hannaður fyrir leikskóla var stór áskorun, tækifæri, þrautseigja, góð skipulagning, hugreki og samvinna. Einnig var og er mikil áskorun að fá kennara og starfsfólk til starfa, á sama tíma að skapa fallegt og bjóðandi námsumhverfi sem hæfir tveggja ára börnum. Opnaðar voru þrjár heimastofur í húsnæði Keilis, Drekaðal, Móakot og Háakot. Þar dvelja um 50 börn, árgangar 2019, 2020, 2021 og 2022. Flest börnin eru í árgangi 2022 eða um þrjátíu.



Í leikskólanum Drekaðal búum við að góðum mannauði sem hefur ráðið sig til starfa. Hópur af reyndum starfsmönnum með mikla þekkingu og færni og hefur starfsmannahópurinn stækkað jafnt og þétt eftir því sem börnunum hefur fjölgað. Okkar helsta verkefni fyrstu vikur skólaársins hefur verið að byggja upp góðan leikskóla með góðu og uppbyggilegum

starfsanda þar sem styrkleikar allra fá sín notið á sama tíma og að efla okkur sem ein heild. Lykillinn að góðu leikskólastarfi er góð samvinna og jákvætt viðmót.

Það er von okkar að starfsáætlunin varpi ljósi á áherslur í starfi leikskólans næsta skólaár, styðji við faglegt starf og veiti þær upplýsingar sem henni er ætlað. Vel skipulögð starfsáætlun getur virkað eins og smurð vél ef rétt er að málum staðið.

Hvað þetta skólaár varðar þá horfum við með björtum augum fram á veginn, samheldinn starfsmannahópur sem er samstíga í að starfrækja gæðaskólastarf í þróun, ásamt því að skapa umhyggjusamt skólasamfélag þar sem líðan allra sem þar starfa er í brennidepli. Skólasamfélag í bæjarfélaginu okkar þar sem virðing, eldmóður og framsækni eru einkunnarorð Reykjanesbæjar og tengjast vel gildum leikskólans með opnum hug og gleði í hjarta sem eru einkunnarorð leikskólans Drekadals og grunngildi leikskólans Gleði, Leikur, Virðing og Hugrekki.

Við hlökkum til daganna, viknanna og árið framundan með þeim tækifærum og áskorunum sem því fylgja. Þau munu færa okkur ný hlutverk og enn frekari tækifæri til þess að styrkja okkur í þeim verkefnum sem okkur hafa nú þegar verið færð.

Okkar sýn er að leikskólinn Drekadalur er og verði „skóli sem lærir“

Þar sem ekki er búið að stofna foreldrafélag né foreldraráð meðan við erum hér tímabundið í Keili, þá skilast þessi starfsáætlun án aðkomu foreldraráðs.

Að lokum viljum við kennara Drekadals koma þökkum á framfæri til allra þeirra sem hafa aðstoðað okkur á einn eða annan hátt við að koma okkur fyrir og gera Drekadals leikskóla tímabundið hér í Keili að veruleika.

Leikskólinn Drekadalur

María Petrína Berg
Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Greinagerð leikskóla	4
1. Starfsáætlun leikskólans Drekadals	8
1.1 Hlutverk	8
1.2 Þjónustustig.....	8
1.3 Markmið og framtíðarsýn	8
1.4 Hugmyndafræði leikskólans og uppeldisleg sýn.....	8
1.4.1 Aðalnámskrá leikskóla.....	8
1.4.2 Menntastefna Reykjanesbæjar	9
1.4.3 Uppeldi til ábyrgðar.....	9
1.4.4 Leikurinn	10
1.4.5 Grunnþættir menntunar	11
1.4.5 Útinám – Útikennsla	12
1.4.7 Uppeldisfræðilegar skráningar.....	12
1.4.8 Hugmyndafræði John Dewey.....	13
1.4.9 Barnasáttmálin	14
1.4.10 Heimsmarkmiðinn.....	14
1.5 Gæðamarkmið.....	14
1.6 farsæld barna	15
1.7 Samstarf leik- og grunnskóla	16
1.8 Samstarf við Menntasvið Reykjanesbæjar	17
2. Leikskólinn Drekadalur – Hagnýtar upplýsingar.....	18
2.1 Gildi – Einkunnarorð leikskólans	18
2.5 Um leikskólann.....	18
2.6 Nemendur.....	18

2.7 Mannauður.....	20
2.8 Áætlun um símenntun í leikskólanum	21
2.9 Frammistöðusamtöl skólaárið 2024 – 2025	21
2.10 starfsmannasamtöl	21
2.11 Símenntunaráætlun.....	21
2.12 Skipulagsdagar	21
2.13 Fagfundir Drekadals	23
3. Áherslur sem snúa að hugmyndafræði leikskólans og faglegu starfi	23
3.1 Helstu áherslur	23
3.1 Áherslur í foreldrasamstarfi	23
3.2 Áherslur í starfsmannahaldi.....	24
4. Stefnu – og skorkort leikskólans Drekadals	25
4.1 Myndrænt stefnukort.....	25
4.2 Myndrænt skorkort	26
4.2.1 skólasamfélagið.....	26
4.2.3 Fjarmál.....	27
4.2.4 Mannauður	27
5. Fylgiskjöl	28

1. Starfsáætlun leikskólans Drekadals

1.1 Hlutverk

Hlutverk leikskólans Drekadals er að veita börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt uppeldisumhverfi og þroskandi leikskilyrði sem stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leikskólinn leggur áherslu á að efla alhliða þroska barna í náninni samvinnu við foreldra.

1.2 Þjónustustig

Leikskólinn Drekadalur verður fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Skólastarfið við leikskólann Drekadal verður og er mótað af aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Reykjanesbæjar, uppeldi til ábyrgðar, leiknum sem er okkar aðalnámsleið, útinámi, flæði, uppeldisfræðilegar skráningar og hugmyndafræði John Dewey – Learning by



doing ásamt öðrum verkefnum sem fram koma í starfsáætluninni þ.e. barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum. Allir þessir þættir tvinnast saman í markmið og leiðir í framtíðarsýn við vinnslu skólanámskráinnar.

1.4 Hugmyndafræði leikskólans og uppeldisleg sýn

Markmið leikskólans Drekadals er að útskrifa nemendur með sterka og jákvæða sjálfsmynd, sannfærð um eigin getu. Þessi orð eiga vel við Aðalnámskrá leikskóla, Uppeldi til ábyrgðar, John Dewey, Leikinn, útinám, uppeldisfræðilegar skráningar og Menntastefnu Reykjanesbæjar með opnum hug og gleði í hjarta sem eru einkunnarorð leikskólans Drekadals og grunnildi leikskólans Gleði, Leikur, Virðing og Hugrekki.

1.4.1 Aðalnámskrá leikskóla

Í aðalnámskrá leikskóla (2011, 2023) kemur fram að leikur sé meginnámsleið ungra barna, lífstjáning þeirra og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Áhersla er á sjálfsprottinn leik, sem þýðir að leikur sé atferli sem börn hafi frumkvæði að en sé ekki stýrt af fullorðnum. Þar segir: „Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans.“ Í sjálfsprottum leik ráða börnin ferðinni


og geta byggt ferlið á áhuga sínum og styrkleikum. Litið er á þessa tegund leiks sem ferli fremur en afurð; upphaf og lok ferlisins getur verið óljóst og það er leikurinn í sjálfu sér sem skiptir mestu máli fyrir börnin.

Í aðalnámskrá leikskóla (2011, 2023) er leitast við að skilgreina leik með einföldum hætti þrátt fyrir að skilgreining hans sé í raun mjög flókin. Hér er ekki ætlunin að flækja málin, heldur útskýra betur hvað við er átt með þessari skilgreiningu. Mikilvægt er að starfsfólk leikskóla skilji hvað leikur felur í sér, en það getur auðveldað því bæði að skipuleggja leikskólastarf þar sem leikur er þungamiðjan og fylgja því eftir.

1.4.2 Menntastefna Reykjanesbæjar

Ný menntastefna Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta, 2021 – 2030 er ætlað að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Stefnan byggir á þremur leiðarljósum sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu.

1.4.3 Uppeldi til ábyrgðar



Eitt af leiðarljósum nýs leikskóla, leikskólans Drekadals verður að starfa í anda uppbyggingarstefnunnar. Við munum vinna markvisst með innleiðingu aðferðarinnar. Til að byrja með verður unnið með samskipti hinna fullorðnu (starfsmanna) og í kjölfarið verður byrjað að yfirfæra þá þekkingu og skilning á samskipti við börnin.

Þarfahringurinn verður sýnilegur og til umræðu í daglegu starfi. Umræða um að við

erum með ólíkar þarfir og þurfum að taka tillit til annarra.

Það er mikilvægt að börnin viti til hvers er ætlast af þeim og því unnið markvisst að því að samræma viðbrögð kennara og starfsfólks við t.d. brotum og/eða hegðunarvanda barna. Mikilvægast í þeirri vinnu er að læra að takast á við neikvæða hegðun með jákvæðni og uppbyggingu í huga. Að sleppa skömmum og tuði sem skilar engum árangri. Gefum frekar tækifæri til að prófa aftur á eftir eða á morgun og sjá hvort gangi betur að takast á við leik og starf.

Við munum einnig setja okkur ákveðnar reglur eða sáttmála og munum setja hann fram á myndrænan hátt og hengjum upp á vegg á deildum. Við teljum mikilvægt að hafa reglur og sáttmála í myndum fyrir börnin svo allir skilji til hvers er ætlast. Að nota myndir í samskiptum getur hjálpað börnunum að muna til hvers er ætlast af þeim.

1.4.4 Leikurinn

Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og er börnum eðlislægur. Börnin leika sér af fúsum og frjálsum vilja og nýta til þess eigin forsendur. Í bernsku felur leikurinn í sér nám og af leiknum sprettur ný þekking, ný tilfinning, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Sköpunarþörf og hugmyndaflug barnsins birtist í leikjum þess og í gegnum leikinn læra börn að skilja umhverfi sitt, tjá hugsanir sínar, reynslu og tilfinningar. Í leiknum læri barnið einnig félagslegar leikreglur sem eru forsendur þess að geta leikið við aðra. Leikurinn kallar á notkun tungumáls, hreyfingu, hugmyndaflug, áræðni, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Hlutverk leikskólans er að styðja við nám barna í gegnum leik á sem fjölbreyttastan hátt, bæði inni og úti.

Í DrekaDal er lögð áhersla á að hafa aðstæður og fjölbreyttan efnivið fyrir leik barnanna og ætla leiknum tíma og rými í samfellu við aðra þætti skólastarfsins. Yngri börnin leika meira hlið við hlið, prófa hluti með forvitni og hlutverk kennarans er að leiðbeina, leika með og aðstoða með samskipti og ágreining. Könnunarleikurinn er hluti af námsumhverfi yngstu barnanna en þar fá börnin að leika sér með



óhefðbundinn efnivið eins og lykla, dósir, perlufestar, flöskur svo eitthvað sé nefnt. Markmið með könnunarleiknum er að gefa börnunum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhugahvöt með efnivið sem hvetur þau til að skoða, prófa og kanna eiginleika þeirra. Eftir því sem börnin eldast breytist leikur þeirra, samskiptafærni og leikni þeirra eykst og hlutverk kennarans felst meira í að skipuleggja umhverfið, vera í nánd og fylgjast með leik

Breytingar urðu að aðalnámskrá leikskóla að því leyti að skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta meggi með reglubundnum hætti og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra. Þessar breytingar tóku gildi 1. September 2023.

Umfjöllun um eftirtalin atriði er að finna í breyttri námskrá:

- Sjálfsprottin leik barna og hann skilgreindur.
- Yngstu börnin í leikskólanum.
- Áhrifamátt barna og trú þeirra á eigin getu (valdefling).
- Jöfnun félags- og menningarlegra aðstæðna barna (inngildi).
- Mikilvægi þess að tilheyra leikskólasamfélaginu (fullgildi)
- Skapandi leikskólastarf með opin og sveigjanlegt skipulag þar sem fjölbreyttar námsaðferðir og leikur barna eru í forgrunni.
- Hlutverk og ábyrgð leikskólakennara og starfsfólks.
- Mat á námi bara í gegnum leik sem er meginnámsleið barna.

Áætlað var að þessar breytingar á aðalnámskrá yrðu að fullu innleiddar í leikskólum landsins 1. ágúst 2024. Leikskólinn Drekaðalur innleiddi breytingarnar strax í upphafi skólaárs í ágúst 2024.

Hér má sjá handbók um leik barna


https://vefir.mms.is/flettibaekur/handbok_um_leikinn/

1.4.5 Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrár til að leggja áherslu annars vegar á samfélagsleg markmið og hins vegar markmið sem varða menntun sérhvers einstaklings. Grunnþættirnir eru sameiginleg leiðarljós í almennri menntun fyrir öll skólastig sem birtast í skólabrag, gildum, viðhorfum og öllu námi. Grunnþættirnir ásamt námssviðum leikskóla eiga að endurspeglast í öllu námi. Leikskólum ber að flétta áherslur þeirra inn í daglegt starf, leik og nám barna á þann hátt að það taki mið af barninu sjálfu, þroska þess og getu.

Grunnþættirnir eru

- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Læsi
- Sköpun



1.4.5 Útinám – Útikennsla

Áhersla með útinámi er að kynna fyrir börnunum nærsamfélagið og náttúruna í umhverfinu okkar. Börnin hafa val um að fara í gönguferðir með kennurum þar sem lögð er áhersla á að fræðast um náttúruna og umhverfið, Fylgjast er með breytingum sem verða á gróðri og dýralífi eftir árstíðum, ásamt því að nýta þann efnivið sem á vegi okkar verður. Einnig notum við tilbúin verkefni í útikennslu sem auka skilning á náttúru, vísindum og umhverfi þar sem verkefni eru leyst við aðrar aðstæður heldur en leikskólinn bíður upp á innandyra. Með útikennslu fá börnin aukna hreyfingu, meira þol og betri hreyfifærni ásamt því að auka einbeitingu og styrkja félagslega færni.

1.4.7 Uppeldisfræðilegar skráningar

Skráningar eru góð leið til að gera leikskólastarfið sýnilegt. Þær byggja á hlustun og ígrundun á upplifun og skynjun og eru ætlaðar til þess að auka skilning á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Skráningar skapa grundvöll til ígrundunar á uppeldisstarfinu fyrir kennarana og geta einnig nýst kennaranum til að skoða sitt eigið starf og meta. Uppeldisfræðilegar skráningar geta verið skriflegar athugasemdir, ljósmyndir, upptökur og verk barnanna. Með

Því að nota skráningar verður kennari meðvitaðri um eigið starf og honum gefst tækifæri til að flétta starfið saman við fræðin. Um leið geta skráningar verið kveikja að áframhaldandi starfi með barni/barnahóp og opnað leiðir til að þróa og bæta starfið.

Markmið: Að gera leikskólastarfið sýnilegra og skapa umræður meðal barna, starfsfólks og foreldra. Að kennarar skrái hugmyndir og tilgátur barnanna og fylgist þannig betur með námi einstaka barna og að kennarar skoði og ígrundi eigin aðferðir.

Leiðir að markmiðið: Að gefa starfsfólki tíma og rými til að ígrunda eigin skráningar og að finna fjölbreyttar leiðir til að gera skráningar sýnilegar í leikskólanum. Fá kynningu um fjölbreyttar leiðir til skráninga á skipulagsdegi í september.

Ábyrgð: Stjórnendateymi. Deildarstjórar og leikskólakennarar bera ábyrgð á að handleiða ófaglært starfsfólk og kynna það fyrir mikilvægi skráninga.

Mat: Meta á skráningar jafnt og þétt yfir árið á deildar- og deildarstjórafundum. Endurmat fer fram á skipulagsdegi á vorönn.

1.4.8 Hugmyndafræði John Dewey

Þeir þættir sem John Dewey (1859-1952) leggur mesta áherslu á, er að virkja athafnapörf barnsins og vekja áhuga þess, „Learning by doing“ eða „að læra með því að framkvæma“. Barnið á að læra af eigin reynslu og eigin virkni og áhuga en persónuleg reynsla barnsins er forsenda þess að það fái skilning á umhverfi sínu. Barnið lærir ekki með því að taka á móti, heldur í samspili við þekkingu þess á veröldinni í gegnum skynfærin. Þannig má líta á leikinn sem leið í átt til menntunar þar sem hann er náttúruleg hvöt barnsins. Hann lagði höfuðáherslu á virðingu fyrir barninu og þörfum þess. Börn þurfa að fá að kanna umhverfi sitt, spyrja opinna spurninga, skoða allt sem er í kringum þau og reyna sjálf að fást við verkefni sín.

Dewey leggur jafnframt áherslu á að börn læri að vinna í félagslegri heild þar sem þau þroska sjálfsvitund og skilning.

Eftir kenningu Deweys má skipta áhugasviði barnsins í fjóra þætti:

- Áhugi á samræðum og samveru (byggt á félagslegri eðlishvöt)
- Áhugi á að rannsaka og uppgötva (sjálfstæð- og skapandi hugsun)
- Áhugi á að framkvæma (búa til hluti, skapa og setja saman)

- Áhugi á listrænni tjáningu (tjá sig í myndlist, söng og hreyfingu).

1.4.9 Barnasáttmálin

Reykjanesbær hefur lagt upp í þá vegferð að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið nefnist barnvænt sveitarfélag og er á frumstigi. Stofnaður hefur verið stýrihópur utan um verkefnið og að innleiðingu lokinni getur Reykjanesbær sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Það er mikið ánægjuefni fyrir Reykjanesbæ að ferlið sé farið af stað þar sem innleiðingin er mikilvægur áfangi í því ferli að gera Reykjanesbæ að skilgreindu barnvænu sveitarfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF. Verkefnið barnvænt sveitarfélag er ferli sem tekur tvö ár og að innleiðingu lokinni hefst nýtt tveggja ára ferli með nýjum markmiðum og nýrri aðgerðaáætlun. Vinnan leiðir til þess að til verður heildstætt gagnasafn um stöðu barna í sveitarfélaginu og mun aðgerðaáætlun ávallt byggja á þeim. Þannig verður sífellt rýnt í niðurstöður nýrra rannsókna, breytingar í samfélaginu og tryggt að það verði haft að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu (Reykjanesbær, 2020)

1.4.10 Heimsmarkmiðinn



Í „krafti fjölbreytileikans“ er vísun í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannauð sem myndar ört stækkandi samfélag í bæjarfélaginu. Í stefnuáherslum Reykjanesbæjar, þar sem allar stefnuáherslur eru komnar inn í einn hring og hver með sinn lit, er Reykjanesbær fjölskylduvænn bær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla- íþrótt- og menningarstarf. Íbúar sinna fjölbreyttum störfum í vistvænu fjölmenningsarsamfélagi sem einkennist af virðingu, eldmóði og framsækni.

1.5 Gæðamarkmið

Við mat á gæðamarkmiðum leikskólans verða ýmsar leiðir notaðar til að tryggja faglegt mennta- og lærdómssamfélag. Má nefna starfsmannakönnun á vegum Reykjanesbæjar Moodup. Þar gefst okkur tækifæri til að hlusta á raddir allra starfsmanna. Markmiðið er að kanna viðhorf og líðan starfsmanna í þeim tilgangi að gera Reykjanesbæ að enn betri vinnustað. Einnig eru starfsmanna- og foreldrakannanir á vegum skólapúlsins ásamt faglegum skipulagsdögum leikskólans þar sem farið er yfir stefnur og strauma.

Einnig eru lagðar ýmsar atferlisathuganir fyrir nemendur sem farið er yfir í foreldaviðtölum og gerðar með leyfi foreldra. Má meðal annars nefna mál- og hljóðkerfisvitund, sem er athuguð með hljóm-2 með elsta árgangi. Einnig er notast við EFI-2 OG TRAS. Er það liður í að finna vísbendingar um þá nemendur sem þarfnast snemmtækrar íhlutunar.

1.6 farsæld barna

Þann 1. Janúar 2022 tók í gildi ný löggjöf um samþættingu um þjónustu í þágu barna eða svokölluðu farsældarlög. Farsæld barna felur í sér að tryggja aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðilegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar samkvæmt nýrri löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Samþætt þjónusta sem hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni. www.farsaeldbarna.is Foreldrar og börn í Reykjanesbæ hafa aðgang að tengilið í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.


Tengiliður í leikskólanum Drekaðal er:

Jóhanna Torfadóttir sérkennslustjóri johanna.torfadottir@drekadalur.is

Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi í samstarfi og samráði við foreldra og barns.

Hlutverk tengiliðar er:

- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barna.
- Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
- Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
- Koma upplýsingum til sveitarfélagsins um þörf fyrir tilnefningu málstjóra þjónustu í þágu farsældar barns.
- Taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.



1.7 Samstarf leik- og grunnskóla

Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms nemenda. Mikilvægt til að ná þessum markmiðum er að treysta á gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum. Samstarfið verður í formi heimsókna á milli elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans. Heimaskóli leikskólans Drekadals er Stapaskóli.

1.8 Samstarf við Menntasvið Reykjanesbæjar



Leikskólafulltrúi er Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, er hún okkar yfirmaður og ráðgjafi ásamt Sviðstjóra Menntasviðs Helga Arnasyni. Einnig sækjum við þjónustu til talmeinafræðinga, kennsluráðgjafa og sálfræðinga á skólaþjónustu Menntasviðs. Ráðgjafi barna- og fjölskylduteymi er Linda Pálmadóttir. Sálfræðingur er Sigrún Birna Sigurðardóttir og Ólöf Kristín Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi. Talmeinafræðingur er Berglind Ósk Guðmundsdóttir.

2. Leikskólinn Drekaðalur – Hagnýtar upplýsingar

Hér gefst tækifæri á að sjá helstu verkefni og áherslur ásamt hagnýtum upplýsingum á skólaárinu 2024 – 2025.

2.1 Gildi – Einkunnarorð leikskólans

Markmið leikskólans Drekaðals er að útskrifa nemendur með sterka og jákvæða sjálfsmynd, sannfærð um eigin getu. Þessi orð eiga vel við Menntastefnu Reykjanesbæjar með **opnum hug og gleði í hjarta** sem eru einkunnarorð leikskólans Drekaðals og grunnildi leikskólans **Gleði, Leikur, Virðing og Hugrekki**. Einkunnarorð leikskólans Drekaðals ásamt grunnildunum verður haft að leiðarljósi í öllu okkar starfi þar sem er borin virðing fyrir hverjum einstakling, hans skoðunum og fjölbreytileiki einstaklinga auðgar starfið og allir eiga möguleika á að taka þátt í að móta og hafa áhrif. Eldmóður og framsækni er í starfsmannahópnum og í faglegu starfinu.




2.5 Um leikskólann

Í leikskólanum Drekaðal eru sex (6) heimastofur og heita Drekaðkot. Móakot, Stekkjarkot, Tjarnakot, Stapakot og Hákot. Mjög skemmtileg nöfn sem tengjast staðhátum í hverfinu okkar. Hreyfisalurinn heitir Njarðvík. Óhætt er að segja að starfsmannaaðstaðan verður til fyrirmyndar en þar verður góð fundaraðstöða ásamt vinnuherbergi kennara, kaffistofa og glæsilega starfsmannaaðstöða með góðum munaskápum. Frekari upplýsingar um skólann, s.s. gjaldskrá, opnunartíma, inntöku barna, læsisstefnu Reykjanesbæjar, menntastefnu Reykjanesbæjar og hugmyndafræði leikskólans má sjá á heimasíðu leikskólans sem er á vef Reykjanesbæjar <https://www.reykjanesbaer.is/is>


2.6 Nemendur

Leikskólinn Drekaðalur er með glæsilegan barnahóp, fullan af orku og athafnagleði, sem taka öllu með opnum örmum, hug og forvitni. Hér að neðan má sjá skiptingu árganga eins og


staðan er hjá okkur í október 2024. Sjá mynd eitt (1) skipting árganga, mynd tvö (2) kynjahlutfall, mynd þrjú (3) fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku/erlendum uppruna og mynd fjögur (4) hlutfall leikskólakennara, önnur háskólamenntun og starfsmenn leikskóla.



Mynd 1




Mynd 2



Mynd 3

2.7 Mannauður

Starfsmenn verða á milli 38 til 40 þegar leikskólinn Drekkadalur verður fullmannaður í mismunandi stöðugildum. Sjá má á mynd fjögur (4) hlutfall leikskólakennara, starfsmenn með aðra Háskólamenntun og annara sem starfa við uppeldi og menntun leikskólans eins og staðan er í október 2024. Þar af er ein sem er atvinna með stuðning.



Mynd 4

2.8 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Starfsfólk er hvatt til að sækja þau námskeið sem í boði eru hverju sinni og hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast sjálfst með framboði á námskeiðum. Sjá má betur í kafla 2.11 og 2.12 hvernig Drekaðalur áætla að nýta sína skipulagsdaga á skólaárinu.

2.9 Frammistöðusamtöl skólaárið 2024 – 2025

Desember	Starfið og starfsánægja
Febrúar	Vinnustaðurinn og samskipti
Mars	Frammistaða starfsmanna
Maí	Framtíðarsýn starfsfólks

2.10 starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl verða í apríl 2025.

2.11 Símenntunaráætlun

Skipulagsdagar leikskóla Reykjanesbæjar eru sex á ári. Skipulagsdagarnir eru nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfsmannahópin, endurmat og undirbúnings starfsins. Gert er ráð fyrir að fleiri þættir bætist við símenntunaráætlunarinnar þegar líður á skólaárið, t.a.m Barnsáttmáli sameinupjóðanna, fræðsla um heimsmarkmiðin og barnvænt samfélag. Eins verður fræðsluvefur Fróða nýttur.

2.12 Skipulagsdagar

1. Mánudaginn 25. nóvember 2024

- Farið yfir starfáætlun og þær grunnhugmyndir sem við vinnum eftir
 - Aðalnámskrá leikskóla
 - Uppeldi til ábyrgðar
 - Menntastefna Reykjanesbæjar
 - Leikurinn
 - Útinám
 - Flæði
 - Hugmyndafræði John Dewey – Learning by doing
- Hrefna Gunnarsdóttir Persónuverndarfulltrúi Reykjanesbæjar með fræðslu um upplýsingaöryggi og persónuvernd.

- Iðunn Kristín Grétarsdóttir Mannauðsstjóri Reykjanesbæjar með innlögn um fyrirkomulag vinnustyttingu frá 1. Janúar 2025.
2. Mánudaginn 23. desember 2024
- Starfsmannafundur, fagfundir og innlögn um starfssemi leikskóla.
3. Föstudaginn 31. Janúar 2025
- Skyndihjálparnámskeið
 - Sveinlaug Sigurðardóttir Deildarsjóri og útikennari Krikaskóla verður með fyrirlestur og námskeið um útinám.
 - Innlögn á innleiðingu skólanámskrá Drekadals
 - Leikurinn – farið yfir innleiðingu á kafla 7 – 10 í endurbættri útgáfu að aðalnámskrá leikskóla.
 - Hljóðfyrirlestur út frá breytingum á aðalnámskrá leikskóla – efni frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur. Fyrirlestrinum er skipt í fjögur sjálfstæð erindi
 1. Sjálfspróttin leikur
 2. Kveikjur til leikja
 3. Fullgilding, inngilding, valdefling
 4. Yngstu börnin, fjölskynjun, eiturefnalaus leikskóli
- Í lokin umræður um leikinn út frá handbók og hljóðfyrirlestri um leik barna og hlutverk kennarans í leiknum.
4. Föstudaginn 14. Mars 2025
- Fyrirlestur um samskipti og vinnusiðferði.
 - Starfsmannafundur
 - Fagfundir
5. Föstudaginn 30. Maí 2025
- Innra mat á faglegu starfi sem snúa að þeim þáttum sem fram koma í kafla 3 í starfsáætluninni - sjá myndræna matsáætlun um helstu áherslur Drekadals, markmið, leiðir og þann árangur sem við viljum sjá á okkar fyrsta starfsári
 - Innlögn fyrir skólaárið 2025 - 2026

2.13 Fagfundir Drekadals

Fastir stjórnendafundir (deildarstjórafundir eru vikulega. Heimastofufundir (deildarfundir/fagfundir) eru aðra hvora viku og starfsmannafundir á skipulagsdögum. Aðrir fundir eru eftir þörfum.

3. Áherslur sem snúa að hugmyndafræði leikskólans og faglegu starfi

Hér má sjá þær helstu áherslur sem snúa að hugmyndafræði leikskólans og faglegu starfi. Í kafla 5 má sjá myndræna matsáætlun um helstu áherslur Drekadals, markmið, leiðir og þann árangur sem við viljum sjá á okkar fyrsta starfsári.



3.1 Helstu áherslur

- Gera bruna- og slysaáætlanir.
- Gera skólanámskrá
- Vera með öflugt upplýsingaflæði.
- Gera jafnréttisáætlun í samræmi við markmið Reykjanesbæjar.
- Gera kynningarmyndband um áherslur og faglegt starf leikskólans.
- Gera starfsmannahandbók
- Gera foreldrahandbók (komin vel á veg)
- Gera móttökuáætlun nýs starfsfólks (tilbúin)
- Orðræðan

Valdefling	Áhrifamátt barna og að trú þeirra á eigin getu sé eflid
Inngildi	Jöfnun félagsleg- og menningarlegra aðstæðna barna
Fullgildi	Mikilvægi þess að tilheyra skólasamfélaginu

3.1 Áherslur í foreldrasamstarfi

- Stofna foreldrafélag og foreldraráð.
- Þjóða upp á foreldraviðtöl.
- Stuðla að nánu samstarfi, gagnkvæmu trausti og að virðing skapist á milli heimili og skóla.
- Kynningarviðtöl fyrir nýja foreldra

3.2 Áherslur í starfsmannahaldi

- Byggja upp góðan starfsanda þar sem allir eru í sama liði og hjálpist að.
- Að leita eftir mannauði hvers og eins.
- Að dreifa ábyrgð og deila verkefnum.
- Daglegir morgunfundir þar sem deildarstjórar koma saman.
- Gera starfsmannasáttmála.
- Markmið okkar er að allir fái að blómstra í Drekaðal.
- Regluleg leiðsagnarviðtöl
- Skapa menningu í Drekaðal
- Skapa okkar eigin hefður og venjur



FJÖLBREYTT STÖRF

Nýtum framsækna skóla til að
næra nýsköpun, skapa vel launuð
störf og gera bæinn að
eftirsóttum stað til búsetu.

4. Stefnu – og skorkort leikskólans Drekadals

Stefnu- og skorkort sýnir á myndrænan hátt lykiláherslur í stefnu leikskólans. Áherslupáttunum er skipt niður í fjóra þætti. Þeir eru skólasamfélagið, starfshættir, fjármál, og mannauður.

4.1 Myndrænt stefnukort

Stefnukort sýnir á myndrænan hátt stefnu skólans um skólasamfélagið, starfshættir, fjármál og mannauður.



4.2 Myndrænt skorkort

Stefnukort sýnir á myndrænan hátt stefnu skólans um skólasamfélagið, starfshættir, fjármál og mannauður.

4.2.1 skólasamfélagið

Hvernig veitum við börnum og foreldrum sem besta þjónustu		
Það gerum við með því að foreldrar treysti því að barn þeirra sé í traustu og öruggu umhverfi þar sem sýnd er hlýja og virðing	Velja efnivið sem er skapandi og nemendur fái viðfangsefni sem hæfir þroska þeirra og getu	Að börnunum líði vel, mæti glöð og fari sáttir heim í lok dags

4.2.2 starfshættir

Hvernig stuðlum við að metnaðarfullum og árangursríkum starfsháttum leikskólastarfsins		
Það getum við gert með því að sýnileg tengsl séu á milli skólanámskrár, skipulags og starfshátta. Endurskoða og þróa námskrá leikskólans með reglubundnum hætti	Einnig að tryggja að upplýsingar komist til þeirra er við á hverju sinni með því að nota fjölbreyttar aðferðir við upplýsingamiðlun	Starfshættir séu fjölbreyttir og taki mið af ólíkum þörfum nemenda

4.2.3 Fjármál

Hvernig tryggjum við ábyrga og gegnsæja nýtingu fjármagns		
skýr forgangsröðun	Með því að meta fjárþörf einstakra liða í rekstri leikskólans út frá stefnu hans og forgangsraða þeim	Með góðri nýtingu fjármuna, það gerum við með því að skoða verð og kostnað hverju sinni og sýna hagkvæmni í innkaupum og fara vel með það sem til er

4.2.4 Mannauður

Hvernig stuðlum við að samstarfi, starfsþróun og að starfsmenn séu ánægðir í starfi og líði vel		
Það getum við gert með því að starfshópurinn komi að umræðum um skipulag og mótun starfs og allir taki þátt og leggi sitt af mörkum	Að nýta mannaúðinn þar sem hann er sterkastur og vinna að símenntunaráætlun út frá stefnu og mati á skólastarfi og hvetja starfsfólk til endurmenntunar	Menning skólans einkennis af samvinnu og uppbyggilegum samskiptum þar sem jákvæðni og gleði ríkir

5. Fylgiskjöl

Hér að neðan má sjá myndræna matsáætlun um helstu áherslur Drekadals, markmið, leiðir og þann árangur sem við viljum sjá á okkar fyrsta starfsári með það að markmiði að auka þekkingu og hæfni starfsfólks sem skilar sér í faglegu starfi og aukinni starfsánægju og viðbragðsáætlun við fyrstu viðbrögð við slys í leikskólanum. Skóladagatal leikskólans sem sýnir helstu viðburði skólaársins og skipulagsdaga.


Matsáætlun

Áhersla	Markmið	Ábyrgð – leiðir/aðgerðir	Hefst	Lokið	Matsaðferð	Árangur
Með opnum hug og gleði í hjarta	Innleiðing	Stjórnendur	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Mánaðarleg umræða á stjórnendafundum	Allir vinna að sömu átt og að sama marki
Innleiðing á stefnu leikskólans Uppeldi til ábyrgða	Innleiðing	Stjórnendur	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Mánaðarleg umræða á stjórnendafundum	Allir vinnii í sömu átt og að sama marki
Leikskólabyrjun	Hópfundur að vori við leikskólastjóra, móttökusamtal við deildarstjóra áður en aðlögun hefst	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Skráningar að allir fái móttökusamtal	Að allir foreldrar hafi fengið móttökusamtal
Upplýsingamiðlun	Vikulegir/hálfs mánaðarlegir póstar til foreldra	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Mánaðarlegt samtal stjórnenda og deildarstjóra	Að allir stjórnendur sendi reglulega pósta
Daglegt starf	Að starfsfólk tileinki sér stefnu og strauma leikskólans	Stjórnendur	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Óformlegt mat með umræðum í starfsmannahópnum og leiðsagnarsamtölum	Að allt starfsfólk geti unnið á öruggan og sjálfstæðan hátt
Starfsþróun	Hvetja starfsfólk að sækja fjölbreytt námskeið. Þjóða upp á fjölbreytta fræðslu á skipulagsdögum	Stjórnendur með fræðslu á skipulagsdögum	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Fylgjast með og skrá námskeið sem starfsfólk sækir	Að starfsfólk sýni frumkvæði að vinna í eigin starfsþróun og fái tækifæri til þess

		Starfsfólk á að sækja þau námskeið sem það hefur áhuga á				
Vinnuálag	Draga úr daglegu álagi á heimastofum með góðu skipulagi og samvinnu allra í leikskólanum	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Mánaðarleg umræða á stjórnendafundum og starfsmannafundum	Að starfsfólk upplifi minna álag í starfi
Skólanámskrá	Gera skólanámskrá með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, áherslur leikskólans, menntastefnu Reykjanesbæjar. Uppeldi til ábyrgðar, barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og lögum um samþættingu í þjónustu í þágu farsældar barna	Stjórnendur og deildarstjórar	Janúar 2025	Vor/sumar 2025	Unnið verður í hópum á skipulagsdögum, á starfsmannafundum og heimastofufundum Allt starfsfólk fær rödd Stjórnendur bera ábyrgð	Ný skólanámskrá
Uppeldisfræðilegar skráningar	Að gera leikskólastarfið sýnilegra. Að kennarar hafi fleiri leiðir til að fylgjast með námi og þroska einstaka barna Að kennarar skoði og ígrundi kennsluaðferðir sínar	Deildarstjórar Fá fræðslu um uppeldisfræðilegar skráningar Veita starfsfólki handleiðslu að hugmyndum um skráningaleiðir	Janúar 2025	Vor/sumar 2025	Stjórnendur og deildarstjórar	Að kennarar eigi skráningar af öllu daglegu starfi
Samvinna milli heimastofa	Að unnið sé á sambærilegarn hátt og	Leggja áherslu á að kennarar fái tækifæri til	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Stjórnendur og deildarstjórar	Að börn, starfsfólk og foreldrar upplifi samfelli, samvinnu

	að sömu markmiðum fyrir hvern aldurshóp Að mannauður heimastofanna sé nýttur þannig að öll börn fái sömu tækifæri	að kynnast öllu starfi leikskólans				og samkennd í öllum leikskólanum
Flæði	Innleiðing	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Í öllu dagelgu starfi	Nýting mannauðs um allan skóla
Myndrænn söngur	Efla orðaforða og máltjáningu barna	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2024	Vor/sumar 2025	Í öllu dagelgu starfi og í hópaumræðum	Efla skilning og orðaforða barna

Verkferli sem sýnir fyrstu viðbrögð við slys í leikskólanum



Skóladagatal 2024 – 2025

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: **Drekadalur**

Birt með fyrirvara

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalíðsdagurinn	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M Samarfi
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Boludagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F Samarfi
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F Samarfi
5 M	Frídagur vestráttarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M Óskadagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 M	6 F	6 M Drottindómur	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F Skípdagur	7 M	7 M	7 L	7 M Samarfi
8 F	Undirbúningur fyrir opnan	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F Hvítavinnudagur	8 Þ	8 S
9 F	Undirbúningur fyrir opnan	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F Annar í heitavinnu	9 M	9 M Samarfi
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F Samarfi
11 S	11 M	11 M	11 F	11 M	11 M	11 F	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M Samarfið Drekkidals	11 F Samarfi
12 M	Undirbúningur fyrir opnan	12 F	12 L	12 Þ	12 F Láluöldum - jólarstar	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	Hjálphandur fjölskylda	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Palmvinnudagur	13 Þ	13 F	13 S
14 M	Undirbúningur fyrir opnan	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M Lokab skírting	14 M Önnu og afdagur	14 L	14 M Samarfi
15 F	Undirbúningur fyrir opnan	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ Lokab skírting	15 F	15 S	15 Þ Samarfi
16 F	Undirbúningur fyrir opnan	16 M Dagur íslenskra nútíðis	16 M	16 L Dagur íslenskra tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M Lokab skírting	16 F	16 M	16 M Samarfi
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 S	17 Þ Jólanovember og foreldra	17 F	17 M	17 M Foreldravéttel	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lífshelgidagurinn	17 F Samarfi
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ Foreldravéttel	18 F Flotadagurinn langi	18 S	18 M	18 F Samarfi
19 M	Skípdagur	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M Foreldravéttel	19 L	19 M	19 F Fundur mi' nýjum foreldra	19 L
20 Þ	Þingtökunítíðun	20 F	20 S	20 M Dagur samvinnu barna	20 F Kösdagur	20 M	20 F	20 F Foreldravéttel	20 S Þjóskdagur	20 Þ	20 F	20 S
21 M	Þingtökunítíðun	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Vetrarfi - skírting	21 F	21 M Annar í Þakum	21 M Úbrúð elstu barnanna	21 L	21 M Samarfi
22 F	Þingtökunítíðun	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ Samarfi
23 F	Þingtökunítíðun	23 M	23 M	23 L	23 M Skípdagur	23 F	23 S	23 S Konudagur - upplaf Gíu	23 M	23 F	23 M	23 M Samarfi
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Þingdaga - fyrri dagur þorra	24 M	24 M Vetrarfi skírting	24 M	24 F Samræðagurinn fyrri	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F Vetrarfi - lokab	25 M Skípdagur	25 M Jóladagur	25 L	25 F	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F Samarfi
26 M	26 F	26 L	26 M	26 Þ	26 F Annar í jólu	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 F Jólafrí - lokab	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F Vetrarfi - lokab	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L	28 M Samarfi
29 F	29 S	29 M	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F Líppuvinningadagur	29 S	29 M Samarfi
30 F	30 M	30 M	30 L	30 L	30 M Jólafrí - lokab	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F Skípdagur	30 M	30 M Samarfi
31 L			31 F Hekklavaka		31 Þ Gamldagsdagur	31 F Skípdagur		31 M		31 L		



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS